


Fjallabyggð



Fræðslumál

FJÁRHAGSÁÆTLUN 2012 - STARFSÁÆTLUN

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar

Fjárhagsáætlun Fjallabyggðar 2012

Fræðslumál – Greinargerð

Framtíðarsýn fræðslumála í Fjallabyggð

Skólastarf í Fjallabyggð er metnaðarfullt, framsækið og skilvirkt og í góðum tengslum við atvinnulíf, náttúru og menningu svæðisins. Fræðslustofnanir í Fjallabyggð veita nemendum góða menntun sem nýtist þeim vel í lífi og starfi og stuðlar að þroska þeirra, árangri og vellíðan. Skólastarfið er fjölbreytt og skemmtilegt og vekur áhuga á námi og þekkingaröflun. Námið er miðað við þarfir og getu hvers og eins og umburðarlyndi og víðsýni eru höfð að leiðarljósi.

Nemendum og starfsfólki er búið hvetjandi umhverfi þar sem aðbúnaður er góður og jákvæður andi ríkir. Faglegir og metnaðarfullir starfshættir gera skóla Fjallabyggðar að eftirsóknarverðum vinnustöðum fyrir gott starfsfólk. Náíð samstarf og samskipti eru á milli foreldra, starfsmanna og nemenda. Foreldrar eru vel upplýstir um líðan og stöðu barna sinna og hafa góðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið. Þeir sýna námi barna sinna áhuga og taka virkan þátt í því.

Hlutverk skólaskrifstofu / fræðslufulltrúa

- Fræðslufulltrúi hefur umsjón með fræðslumálum Fjallabyggðar og sinnir stjórnsýsluverkefnum sem varða þessa málaflokka. Hann hefur yfirumsjón með sérfræðiráðgjöf og sérfræðiaðstoð fyrir/við fræðslustofnanir og hefur eftirlit með að skólastarf sé í samræmi við lög, reglugerðir og stefnu sveitarfélagsins. Hann er ráðgjafi bæjarstjóra og bæjarstjórnar í fræðslumálum.
- Fræðslufulltrúi er starfsmaður fræðslunefndar sveitarfélagsins og situr fundi þeirra með málfrelsi og tillögurétt. Hann afgreiðir umsóknir og erindi í umboði nefnda, eftir því sem viðkomandi nefnd hefur samþykkt að framselja ákvörðunarvald sitt.
- Fræðslufulltrúi vinnur með félagsmálanefnd og starfsmönnum félagsþjónustu að útgáfu starfsleyfa vegna dagvistar barna í heimahúsum. Hann heldur utan um starfsemi dagforeldra, úthlutun dvalar og fjárhagslega umsýslu sveitarfélagsins vegna dagvistar barna í heimahúsum.
- Fræðslufulltrúi hefur auk þess frumkvæði að nýsköpun og þróun í uppeldis- og fræðslumálum og tekur þátt í ýmsum þverfaglegum verkefnum sveitarfélagsins, t.d. forvarnarstarfi.
- Fræðslufulltrúi er skólastjórum og kennurum til aðstoðar og ráðgjafar í málum sem snúa að starfsmönnum, nemendum og foreldrum og einnig hvað varðar kennslu, eineltismál, lög og reglugerðir.

- Fræðslufulltrúi tekur við erindum foreldra sem til hans leita og vinnur þau í samvinnu við skólastjóra.
- Fræðslufulltrúi er verkefnisstjóri Olweusaráætlunarinnar gegn einelti.

Tölfræðilegar upplýsingar

Grunnskóli Fjallabyggðar:

Nemendafjöldi í grunnskólanum er 258 í þremur byggingum.

Kennarar eru 29

Stundakennari 1

Stjórnendur; skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og 1 deildarstjóri.

Leiðbeinendur 1

Stuðningsfulltrúar 5

Skólaliðar 7

Skólavist 2

Umsjónarmaður skólahúss 3 í hlutastörfum.

Skólaritari 1

Sérfræðiþjónusta innan grunnskólans;

Sérkennari, þroskaþjálfari, námsráðgjafi og iðjuþjálfari.

Aðkeypt sérfræðiþjónusta;

Fræðslufulltrúi gerir þjónustusamninga við sálfræðing frá Akureyri. Áætlað er að hann komi einu sinni í mánuði á skólaárinu í grunnskólann og í leikskólann eftir þörfum.

Tveir talmeinafræðingar sinna leik- og grunnskólabörnum í Fjallabyggð, einn í hvorum byggðarkjarna. Þeir koma a.m.k. tvisvar á önn eða eftir þörfum.

Sérfræðiþjónusta innan leikskólans / Sérkennslustjóri

Iðjuþjálfari í 30% stöðu heldur utan um sérkennslu innan skólans í tveimur byggingum.

Leikskóli Fjallabyggðar:

Barnafjöldi í Leikskóla Fjallabyggðar 90

Stjórnendur: Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og 6 deildarstjórar á jafnmörgum deildum.

Deildarstjórar eru í 5,75 stöðugildum.

Leikskólakennari 1

Grunnskólakennari 1

Aðstoðarleikskólakennari 1

Leiðbeinendur 11 í 9,25 stöðugildum

Starfsmenn í eldhúsi 2

Afleysing 3 í 2,25 stöðugildum

Tónskóli Fjallabyggðar:

Nemendafjöldi í Tónskóla Fjallabyggðar 147

Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri í 30% stjórnun og 8 kennarar í 7,50 stöðugildum.

Skólaskrifstofa – fræðslufulltrúi

Dagforeldri – Ekkert dagforeldri er nú í Fjallabyggð, staðan var auglýst en engin viðbrögð urðu við henni.

Fyrirhugaðar hækkanir á árinu 2012:

- 3% launahækkanir samkvæmt kjarasamningum.
- 4% hækkun leiga eignarsjóðs.
- Matarkostnaður hækkar.

Sparnaðarleiðir

Leikskóli:

Lagt er til:

- Að gætts verði hagræðingar í rekstri eins og mögulegt er.
- Að gjaldfrjáls leikskóli fyrir 5 ára börn fari niður í 3 tíma á dag sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2012.
- Að leikskólagjöld og fæðiskostnaður hækki um 4,3% frá og með 1. mars 2012. Við það hækka dagvistargjöldin um 947.000 árið 2012.
- Að skorið verði af liðnum „Verkfæri og áhöld“ og „Tölvubúnaði“ um kr. 90.000
- Að skoðaðir verði ræstingasamningar fyrir Leikhóla og Leikskála og þeir samræmdir.
- Að öryggissamningar verði skoðaðir.
- Að starfsmannahald verði skoðað í heild sinni.
- Að tölvumál verði skoðuð og metin.
- Að tekið verði til athugunar hvort hægt sé að fækka ferðum skólastjóra á milli byggðarkjarna / starfstöðva.
- Að leggja niður 2 undirbúningstíma hjá ófaglærðum og farið verði eftir gildandi kjarasamningum.

Tónskóli:

Lagt er til:

- Að gætts verði hagræðingar í rekstri eins og mögulegt er.
- Að skorið verði af liðum,, Verkfæri og áhöld, Húsgögn og innanstokksmunir og Tölvubúnaði“ um kr. 135.000
- Að tónskólagjöld hækki um 9% næsta haust. Við það hækka skólagjöldin um kr. 214.000 á haustönn. Heilt nám fer því úr 44.100 kr. í 48.000 kr.

Grunnskóli:

Lagt er til:

- Nemendum grunnskólans fækkar um 25 á milli skólaára. Kennslustundum fækkar því um 22 á milli skólaára sem lækkar launaliðinn.
- Kostnaður við efniskaup list- og verkgreinakennslu lækkar vegna nemendafækkunar.
- Ljósritunarkostnaður lækkar.
- Sérfræðiþjónusta lækkar einnig vegna nemendafækkunar.
- Að skoða gjaldskrá til hækkunar um 4,3% frá 1. janúar 2012 og bæta þarf við gjaldi fyrir leigu á matsal við Tjarnarstíg í Ólafsfirði.
- Að skorið verði af ýmsum liðum, alls kr. 230.000.
- Að launakostnaður við tölvuumsjón skiptist á milli stofnananna sem njóta þjónustu tölvuumsjónarmanns grunnskólans.
- Að fækka kennarastöðum um 3 og 0,60 stöðu stuðningsfulltrúa þegar grunnskólinn fer inn í nýja byggingu í Ólafsfirði frá og með næsta hausti,

Gera þarf ráð fyrir kostnaðaraukningu:

- Ef miðstigið á Siglufirði verður keyrt til Ólafsfjarðar, þarf að auka við ferðum í skólaakstri. Skólastjórar geta ekki metið það fyrr en næsta sumar með tilliti til nýrrar skólabyggingar og nemendafjölda á miðstigi.
- Lagt er til að Tónskóli Fjallabyggðar fari inn í Tjarnarborg, efri hæð þann 1. ágúst 2012 sem breytir rekstri skólans. Kostnaður vegna breytinganna hefur verið reiknaður út.
 - a) Áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmda er 3.000.000 kr.
 - b) Húsnæði Tjarnarborgar skiptist frá og með 1. ágúst með þessum hætti: tónskólinn 50%, Tjarnarborg 40% og félagsmiðstöðin 10%.

- c) Án breytinga greiðir tónskólinn eignarleigu fyrir 2012 með 4% hækkun kr. 4.105.000, þar af kr. 854.000 vegna tónskólans í Ólafsfirði.
Ef hins vegar er gert ráð fyrir breytingum frá og með 1. ágúst, hækkar eignarsjóður sem hér segir: Tónskólinn greiðir óbreyttan eignarsjóð fyrir húsnæði í Sigurhæðum, Ólafsfirði í 7 mánuði kr. 497.000 + 3.252.000 fyrir húsnæði á Siglufirði + nýtt húsnæði í Tjarnarborg kr. 1.770.000 fyrir 5 mánuði = alls á árinu 2012 kr. 5.519.000.
- d) Gera þarf ráð fyrir hærra gjaldi vegna rafmagns og hita sem hækkar um 190.000 kr. á árinu 2012.

Framtíðaróskir

Mikilvægt er að koma upp mótuneytisaðstöðu fyrir nemendur og starfsfólk í grunnskólann á Siglufirði.

Fjárhagsáætlun

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir vegna nýbyggingar grunnskólahúsnæðis, bæði í Ólafsfirði og Siglufirði. Hafist verður handa með viðbyggingu í Ólafsfirði nú á haustdögum og næsta vor þarf að undirbúa flutning Tónskóla Fjallabyggðar úr Sigurhæðum í Tjarnarborg. Gera þarf ráð fyrir því í fjárhagsáætlun 2012.

Huga þarf að starfsmannamálum í grunnskólanum vegna breytinga á skólabyggingum, fækkun húsa og breytinga á fyrirkomulagi kennslu.

Mikilvægt er að láta framkvæma tilmæli sem fram koma í öryggisskýrslum sem tengjast grunnskólanum.

Fræðslu- og menningarfulltrúi Fjallabyggðar